

**1983 nr. 79 28. desember****Lög um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs**

Tóku gildi 30. desember 1983. Breytt með l. 117/1989 (tóku gildi 30. des. 1989; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 15. gr.) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er [ráðherra]<sup>1)</sup> fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvixla.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 98. gr.

**■ 2. gr.**

□ Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem [ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að ákveða

lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur ákveðið að gefa út ríkisvixla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur ákveðið forvexti af vixlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að vixlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um vixla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvixla.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 98. gr.

**■ 3. gr.**

□ Lánskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. . . .<sup>1)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánskjala skv. 2. gr.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 117/1989, 15. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 98. gr.

**■ 4. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.